

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar).

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson, aðstoðarmann ráðherra, Hrefnu Gísladóttur lögfræðing og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Örn Pálsson framkvæmdastjóra og Arthur Bogason formann Landssambands smábátaeigenda, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegs- manna, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannafélagi Íslands, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Guðmund Þ. Ragnarsson, formaður frá Félagi vélstjóra og málm- tæknimanna, og Árna Múla Jónasson fiskistofustjóri og Eypór Björnsson frá Fiskistofu.

Umsagnir bárust frá Samtökum eigenda sjávarjarða, Sjómannasambandi Íslands, Lands- sambandi íslenskra útvegs- manna, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi skipstjórnarmanna, Félagi vélstjóra og málm- tæknimanna, Fiskistofu, Hafrannsókn- stofnuninni, Landssambandi smábát- aeigenda, Reiknistofu fiskmarkaða, Samtökum fisk- vinnslustöðva og smábát- afélaginu Skalla.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að heimild til strandveiða verði lögfest og fyrirkomulag veiðanna verði í meginatriðum eins og það fyrirkomulag sem komið var á með bráðabirgða- ákvæði í lögum nr. 66/2009. Gert er ráð fyrir að strandveiðar muni einkum takmarkast af þeim aflaheimildum sem ráðstafað er sérstaklega til veiðanna, eða allt að 6.000 tonnum af óslægðum botnfiski. Er landinu skipti í svæði og gert ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um skiptingu landsvæða og þær aflaheimildir sem heimilt er að veiða á hverju landsvæði í hverj- um mánuði.

Vorið 2009 voru fyrstu hugmyndir um svokallaðar strandveiðar kynntar. Þá um sumarið voru samþykkt lög nr. 66/2009, um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, ásamt bráðabirgðaákvæði sem heimilaði strandveiðar. Bráðabirgðaákvæði þetta gildi aðeins til loka fiskveiðiársins 2008/2009 en boðað var að á grunni þeirrar reynslu og lærdóms sem draga mætti af þessum veiðum yrði tekin ákvörðun um framhald strand- veiða. Var Háskólasetur Vestfjarða fengið til þess að gera úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna. Niðurstöður úttektarinnar sýna að nokkuð almenn ánægja hefur verið með fyrirkomulag veiða meðal þeirra sem hún náði til.

Meiri hlutinn telur mikilvægt skref að festa strandveiðar í sessi eins og boðað er í frum- varpi því sem hér er til umfjöllunar. Úttekt á reynslu síðasta fiskveiðiárs sýnir að tilraunin með strandveiðarnar gekk vel og framhaldið lofar góðu. Yfirlýst markmið með heimild til strandveiða er nýting sjávarauðlindarinnar á nýjum grunni þar sem mönnum er gert mögulegt að stunda veiðar með ströndinni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Kerfið er til þess fallið að ná fram þessum markmiðum auk þess sem almenn ánægja hefur verið um þessa ráðstöfun.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að 6. tölul. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði samhljóða sambærilegum tölulið í bráða-

birgðaákvæði laga nr. 66/2009, sem samþykkt voru í sumar. Þar var gert ráð fyrir að aflinn væri veginn og skráður hér á landi og að um vigtun, skráningu og meðferð aflans færi að öðru leyti eftir ákvæðum laga um umgengni um nytjastofna sjávar og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

Í öðru lagi er lagt til að við frumvarpið bætist grein til breytingar á 24. gr. laganna á þann veg að Fiskistofu verði heimilt að svipta skip leyfi til strandveiða fyrir brot á lögnum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Meiri hlutinn telur mikilvægt að slíkt ákvæði sé fyrir hendi en leggur áherslu á að þrátt fyrir fullyrðingar ákveðinna hagsmunaaðila um annað kom fram á fundum nefndarinnar að sjómenn hafa almennt virt kerfið og lítið hefur verið um brot í fyrra sem styður enn þá niðurstöðu að rétt sé að festa þetta kerfið í sessi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 6. tölul. 5. efnismgr. orðist svo: Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Fyrsti málsliður 24. gr. laganna orðast svo: Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

Einar K. Guðfinnsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2010.

Atli Gíslason,  
form., frsm.

Ólína Þorvarðardóttir.

Ögmundur Jónasson.

Róbert Marshall.

Ásmundur Einar Daðason.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,  
með fyrirvara.